kt. 600594-2069,
Vesturbergi 8, Reykjavík

kr. 20.979.615

Reykjavík, 29. desember
2017.

Þórður Þórðarson hdl.

(2018000315

Útgáfud.: 4. janúar 2018

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. febrúar 1999 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. desember 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess

að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Salir hf. (áður Kringlukráin kr. 43.337.238 hf.),
kt. 690890-1279,
Kringlunni 4, Reykjavík

Reykjavík, 29. desember
2017.

Þórður Þórðarson hdl.

(2018000316

Útgáfud.: 4. janúar 2018

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. maí 2000 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. desember 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Hlóðin ehf.,
kt. 571192-2419,
Baldursgötu 26b, Reykjavík

kr. 623.354

Reykjavík, 29. desember
2017.

Þórður Þórðarson hdl.

(2018000317

Útgáfud.: 4. janúar 2018

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 3. nóvember 2015 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Skiptum á búinu var lokið 29. desember 2017.

Með búið var farið skv. 3. mgr. 62. gr. laga nr. 21/1991 þar sem búið var eignalaust. Var skiptum því lokið skv. 155. gr. sömu laga..

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Ingimundur Óskarsson,
kt. 060264-2289,
Holtsflöt 9, Akranesi

kr. 12.779.042

Akranesi, 29. desember 2017.
Ómar Karl Jóhannesson
hdl.

(2018000319

Útgáfud.: 4. janúar 2018

Skiptalok

Þann 28. nóvember 2017 voru endurupptekin gjaldþrotaskipti í þrotabúi Kaupfélagsins Fram, kt. 560169-1599, Hafnarbraut 2, Neskaupstað, en skiptum í því félagi var lokið þann 7. mars 2001.

Fram hafði komið eign er tilheyrði þrotabúinu og voru gjaldþrotaskiptin því endurupptekin á grundvelli 2. mgr. 164. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991.

Boðað var til skiptafundar með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu þann 1. desember 2017 og fór skiptafundur fram þann 18. desember sl.

Vegna fjölda kröfuhafa og tiltölulega lágrar fjárhæðar er kom til úthlutunar eða 1,05% upp í lýstar almennar kröfur, var miðað við að greitt yrði upp í kröfur að fjárhæð kr. 500.000 og hærri. Framlagt frumvarp til úthlutunar var undirritaður á fundinum og varð þar með úthlutunargerð í þrotabúinu. Almennar kröfur námu samtals kr. 75.963.891 og á skiptafundinum greiddust upp í lýstar kröfur samtals kr. 797.621.

Endurupptöku og skiptum þrotabúsins var lokið þann 18. desember 2017 og þrotabúinu þar með slitið.

Egilsstöðum, 2. janúar 2018.
Bjarni G Björgvinsson hrl.

(2018000320

Útgáfud.: 4. janúar 2018

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 16. maí 2017 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Skiptum á búinu var lokið 29. desember 2017.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Inga Jóna Snorradóttir,
kt. 170346-6889,
Heiðarvegi 8, Selfossi

0 kr.

Selfossi, 2. janúar 2018.

Jónína Guðmundsdóttir
hdl.

(2018000321

Útgáfud.: 5. janúar 2018

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 14. september 2017 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 19. desember 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

SB fjárfesting ehf.,
kt. 480205-0650,
Hlíðarsmára 9, Kópavogi

Lýstar kröfur:

kr. 141.672.266, þar af kr.
350.000 sem búskrafa, kr.
141.299.946 sem almennar
kröfur og kr. 22.320 sem
eftirstæðar.

Reykjavík, 19. desember
2017.

Björgvin Þórðarson hrl.
(2018000334

Útgáfud.: 5. janúar 2018

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. október 2017 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 29. desember 2017 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

2478Electric ehf.,
kt. 510211-0300,
Engihjalla 8, Kópavogi

Lýstar kröfur:

kr. 13.816.941

Reykjavík, 3. janúar 2018.

Sveinbjörn Claessen hdl.
(2018000339

Útgáfud.: 5. janúar 2018

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 13. janúar 2010 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 12. desember 2017.

Skiptum lauk 12. desember 2017 með úthlutunargerð úr þrotabúinu, en samkvæmt henni greiddust samþykkt krafa skv. 110. gr. að fjárhæð kr. 330.882 og samþykktar forgangskröfur samtals að fjárhæð kr. 667.116. Upp í

samþykktar almennar kröfur samtals að fjárhæð kr. 192.230.223 greiddust 35.715.406, eða 19,11 hundraðshlutar. Ekkert greiddist upp í eftirstæðar kröfur.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

AB258 ehf. (áður Í þrotabúið var lýst
Kraftvélaeigan), eftirtöldum kröfum: kr.
kt. 691206-4240, 649.381 samkvæmt 110. gr.,
Lækjarmel 1, Kjalarnesi kr. 892.310 samkvæmt 112.
gr., kr. 837.866.978
samkvæmt 113. gr., kr.
165.144 samkvæmt 114. gr.

Reykjavík, 20. desember
2017.

F.h. Sigurbjörns
Þorbergssonar hrl.,
Helga Loftsdóttir hdl.

(2018000340

Útgáfud.: 4. janúar 2018

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Garður

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðs 2013-2030.

Rósaselstorg, Garðvangur og hindrunarfletir.

Bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðs 2013-2030 í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin snýr að því að gerð er tillaga að breyttri landnotkun við Rósaselstorg þar sem svæði fyrir athafnastarfsemi er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu, ásamt því að dregið er úr byggingarmagni við Rósaselstorg. Landnotkun við Garðvang, þar sem áður var hjúkrunarheimili, er breytt úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðarbyggð, í þeim tilgangi að finna svæðinu ný not. Þá er gerð breyting á takmörkunum hindrunarflata Keflavíkurflugvallar í samræmi við aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2013-2030.

Tillaga að að breytingu á aðalskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.svgardur.is, frá og með 4. janúar 2018. Skipulagstillagan og umhverfisskýrsla verða til sýnis á bæjarskrifstofum, Sunnubraut 4, Garði og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b, Reykjavík. Ábendingar og athugasemdir við aðalskipulagstillögu skal senda til skipulagsfulltrúa á netfangið jonben@svgardur.is. Einnig er hægt að senda athugasemdir merktar „Breyting á aðalskipulagi Garðs“ á, Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4, 250 Garði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til föstudagsins 16. febrúar 2018.

Bæjarstjórn vonast til þess að sem flestir kynni sér þá breytingu á landnotkun sem tillagan markar stefnu um.

Magnús Stefánsson bæjarstjóri.

(2018000304

Útgáfud.: 5. janúar 2018

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Bryggjuhverfi vestur, svæði 4.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. desember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 21. desember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4. Deiliskipulag svæðisins er að mestu á núverandi landfyllingu og afmarkast af núverandi Bryggjuhverfi til austurs, Ártúnshöfða til suðurs og sjó til norðurs og vesturs. Í tillögunni er stefnt að uppbyggingu til að styrkja byggðamynstur núverandi Bryggjuhverfis og mæta þörf fyrir uppbyggingu nýrra íbúða auk þjónustu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15 frá 5. janúar 2018 til og með 16. febrúar 2018. Einnig má sjá tillöguna á vefsíðunni, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 16. febrúar 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík, 5. janúar 2018.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

(2018000325

Útgáfud.: 5. janúar 2018

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Barónsstígur 18.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. nóvember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 7. desember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir staðgreinireit 1.174.2 vegna lóðar nr. 18 við Barónsstíg. Í breytingunni felst m.a. að heimilt verður að hafa fjölbreyttari starfsemi á lóðinni. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Einarsnes 66-66A.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. desember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 14. desember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðar nr. 66 við Einarsnes. Í breytingunni felst m.a. að skipta lóðinni að Einarsnesi 66/66A uppí tvo hluta: Einarsnes 66/66A og Einarsnes 66B og koma fyrir byggingarreit fyrir hús og bílgeymslu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Kjalarnes, Esjumelar-Varmadalur.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. desember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 21. desember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst m.a. breyting á lóðarstærðum og afmörkunum, breyting á samgöngutengingum innan svæðis ásamt auknu plássi fyrir ofanvatnslausnir og settjarnir, skipulagsmörkin stækkuð lítillega, greinargerð yfirfarin og eldri skilmálatöflu skipt út fyrir nýja. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Gamla höfnin - Vesturbugt.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. desember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 21. desember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar svæði 5 og 6. Í breytingunni felst m.a. bygging einnar hæðar verslunar- og þjónustuhús (einingar) fyrir Faxaflóahafnir á Ægisgarði og við Hafnargötu ásamt uppbyggingu stærra þjónustuhúss við Ægisgarð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hverfisgata 41.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. desember 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 21. desember 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 41 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst m.a. að nýtingarhlutfall lóðarinnar er hækkað, íbúðum fjölgað um þrjár í húsinu, ein á hverri hæð (utan kjallara) og ein í risi, og koma fyrir svölum á norðurhlíð hússins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögur er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15 frá 5. janúar 2018 til og með 16. febrúar 2018. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 16. febrúar 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík, 5. janúar 2018.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

(2018000327)

Útgáfud.: 5. janúar 2018

Stefna - vegna kyrrsetningar**Dómstjórinn í héraðsdómi Reykjavíkur,****Símon Sigvaldason,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Þórhallur Haukur Þorvaldsson hrl., að hann þurfi að höfða mál fyrir hönd VERITAS lögmanna slf., kt. 540211-0510, Borgartúni 28, Reykjavík, fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Alfacom General Trading ehf., kt. 700710-1570, Garðastræti 17, Reykjavík.

I. Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera eftirfarandi dómkröfur:

1. Að staðfest verði kyrrsetning sem gerð var hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, mánudaginn 25. september 2017, í eignarhlut stefnda í einkahlutafélaginu 101 Austurstræti ehf., kt. 691211-1420.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.866.281 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 1. desember 2016 til greiðsludags.
3. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, þ.m.t. kyrrsetningarkostnaðar, skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

II. Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Þórhallur Haukur Þorvaldsson, VERITAS lögmönnum slf., Borgartúni 28, flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnda er Gholamhossein Mohammad Shirazi, kt. 141252-2329, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður, sem aldrei hefur haft lögheimili á Íslandi.

III. Málsástæður og önnur atvik máls: Stefnandi kveðst höfða mál þetta til staðfestingar á kyrrsetningu og til að fá aðfararhæfan dóm fyrir skuld stefnda við sig. Stefnandi hafi áður höfðað mál af þessum ástæðum með stefnu sem gefin var út 2. október 2017 af héraðsdómi og þingfest 14. nóvember 2017. Því máli hafi verið vísað frá dómi án kröfu með úrskurði í máli nr. E-3556/2017 vegna þess að ekki væri reifað með nægjanlegum hætti af hvaða sökum stefna þess máls hafi verið birt í Lögbirtingablaði.

Stefnandi bendir á stefndi sé íslenskt einkahlutafélag með lögheimili á Íslandi. Fyrirsvarsmaður stefnda og allir stjórnarmenn hans séu erlendir ríkisborgarar og hafi enginn þeirra nokkru sinni átt lögheimili á Íslandi eða hafi hér aðsetur. Í 4. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sé kveðið á um að ef félagi sé stefnt megi birting alltaf fara fram á stjórnarstöð. Kyrrsetning sem málið sé höfðað til staðfestingar á hafi farið fram á skráðu aðsetri stefnda án þess að nokkur hafi þar hist fyrir. Birting stefnu í máli nr. E-3556/2017 hafi einnig verið reynd á skráðu lögheimili án þess að nokkur á vegum stefnda, þ.e. fyrirsvarsmaður, stjórnarmaður eða starfsmaður, hafi hist þar fyrir. Hins vegar hafi láðst að leggja fram birtingarvottorð þess efnis í fyrrgreindu máli.

Í samræmi við 4. mgr. 85. gr. kveðst stefnandi munu reyna birtingu þessarar stefnu á lögheimili stefnda að Garðastræti 17, Reykjavík. Fyrirsjáanlegt sé þó að þar muni, sem fyrr, enginn á vegum stefnda hittast fyrir, enda ekki vitað til þess að félagið hafi nokkra starfsemi með höndum, hvorki á þessu tilgreinda heimili sem litið verði á sem stjórnarstöð, né annars staðar. Þá sé eins og fyrr segir ekkert vitað um búsetu stjórnarmanna og stefnanda ómögulegt að hafa uppi á nokkrum þeim sem í fyrirsvari fyrir félagið geti verið. Takist birting ekki fyrir fyrirsvarsmanni, stjórnarmönnum eða öðrum starfsmönnum á lögheimili stefnda, muni stefnandi birta fyrir þeim sem hittist fyrir að Garðastræti 17, Reykjavík og leggja fram birtingarvottorð þess efnis við þingfestingu.

Stefnandi kveðst telja að framangreind birting á stefnunni

fullnægi kröfum einkamálalaga, en til að gæta fyllstu aðgæslu muni hann engu að síður, ef birta þurfi fyrir öðrum en fyrirsvarsmanni, stjórnarmanni eða starfsmanni sem fyrir hittist, einnig birta stefnuna í Lögbirtingablaði, sbr. heimild þess efnis í 89. gr. laga nr. 91/1991. Vísar stefnandi þar til þess að ef ekki verði talið að birting á lögheimili félagsins, fyrir þeim sem þar hittist fyrir, sé fullnægjandi, þyki ljóst að upplýsinga verði ekki aflað um hvar megi birta stefnuna eftir almennum reglum, sbr. -a lið 1. mgr. 89. gr. laganna. Það sé enda ómögulegt fyrir stefnanda eða stjórnvöld að hafa uppi á fyrirsvarsmanni eða stjórnarmönnum stefnda. Með vísan til þessa og fyrirhugaðrar framlagningar birtingarvottorðs og útprents af birtingu stefnunnar í Lögbirtingablaði telji stefnandi að skilyrðum um birtingu stefnunnar verði fullnægt.

Stefnandi kveðst starfrækja lögmannsstofu sem veitir þjónustu á sviði lögfræðilegrar ráðgjafar og málf lutnings. Á árinu 2014 hafi leitað til hans þáverandi fyrirsvarsmáður stefnda og óskað eftir þjónustu hans vegna ýmissa ágreiningsmála. Á árinu 2016 keðst stefnandi hafa tekið að sér að gæta hagsmuna stefnda við áfrýjun dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-5046/2014, sbr. Hæstaréttarmál nr. 674/2016. Stefnandi hafi gefið út þrjá reikninga vegna vinnunnar og stefndi greitt tvo þeirra, þ.e. reikninga nr. 102268 (dskj. 4) og 102269 (dskj. 5). Einn reikninganna, þ.e. reikningur nr. 102310, útgefinn 1. desember 2016 (dskj. 6), hafi hins vegar ekki fengist greiddur þrátt fyrir áskoranir og miðist kröfufjárhæðin við höfuðstól hans auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Stefnandi kveðst styðja kröfur sínar, reikningi og tímaskýrslum (dskj. 7) og bendir jafnframt á að með hliðsjón af umfangi starfa hans sé um afar sanngjarnt endurgjald að ræða sem sé í fullu samræmi við 1. mgr. 24. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998. Í samræmi við meginreglur samninga- og kröfuréttar, um skuldbindingargildi samninga og efndir fjárskuldbindinga, beri stefnda því að greiða honum stefnufjárhæðina með þar til greindum vöxtum, enda hafi reikningi aldrei verið mótmælt, sbr. 47. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000.

Stefnandi kveður að sér sé kunnugt um að greiðslugeta stefnda fari versnandi sem leiði til þess, að stefndi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, einkum þegar litið er til kröfufjárhæðarinnar. Þá bendir stefnandi á að forsvarsmenn stefnda séu allir erlendis ríkisborgarar (dskj. 8) og því hafi innheimtutilraunir reynt árangurslausar þar sem ekki hafi til þeirra náðst. Samkvæmt fyrirliggjandi yfirliti úr vanskilaskrá (dskj. 9) virðist ekkert hafa verið gert til að rétta af fjárhag stefnda, sem hafi ekki skilað inn ársreikningum síðustu ár (dskj. 10). Stefnandi telji þar af leiðandi miklar líkur á því, að stefndi kunni innan skamms tíma að selja einu eign sína hér á landi, þ.e. 50% eignarhlut sinn í 101 Austurstræti ehf., kt. 691211-1420 (dskj. 11) og flytja söluandvirði úr landi án þess að áður sé gert upp við lánardrottina, þ. á m. stefnanda. Í ljósi þessa og þar eð skilyrðum 5. gr. laga nr. 31/1990, var að mati stefnanda fullnægt, kveðst hann hafa orðið að fara fram á kyrrsetningu á umræddum eignarhluta í 101 Austurstræti ehf. (dskj. 3), til tryggingar kröfu sinni. Við þeirri beiðni hafi sýslumaður orðið 25. september sl. (dskj. 2). Varðandi fjárhæð tryggingar hefur stefnandi bent á óvíst fjárverðmæti hins

kyrrsetta eignarhluta, en stefndi hafi auk þess ekki andmælt kröfu stefnanda, sem hann hafi m.a. beint til þáverandi lögmanns stefnda, Sveins Guðmundssonar hrl., sem nýlega hefur tilkynnt stefnanda að hann hafi látið af störfum fyrir félagið. Í tengslum við framangreint hefur stefnandi auk þess bent á að hann hafi haft spurnir af því að stefndi hyggt selja hinn kyrrsetta eignarhluta við fyrsta tækifæri.

Með vísan til framangreindra raka og sönnunargagna kveðst stefnandi telja að dæma beri stefnda til greiðslu stefnufjárhæðar með dráttarvöxtum, sem miðast við gjalddaga kröfunnar, auk málskostnaðar, þ.m.t. kostnaðar sem hlotist hefur af kyrrsetningargerð. Þá telur stefnandi, með vísan til framangreinds að öll skilyrði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1990 séu uppfyllt. Stefnandi eigi lögvarða kröfu á hendur stefnda um greiðslu peninga, sem ekki sé unnt að fullnægja með aðför og að allar líkur séu til þess að ef kyrrsetning verði ekki staðfest dragi mjög úr líkindum til þess að fullnusta hennar takist. Því beri einnig að staðfesta tilvitnaða kyrrsetningu sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 25. september 2017.

IV. Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann o.fl., einkum 36. greinar. Þá kveðst stefnandi vísa til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga, 47. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000, 1. mgr. 24. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998 og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Varðandi dráttarvexti kveðst stefnandi vísa til vaxtalaga nr. 38/2001, einkum 1. mgr. 6. gr., en málskostnaðarkröfu kveðst hann styðja við 129.-131. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

V. Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Endurrit úr gerðarbók sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, dags. 25. september 2017.
3. Kyrrsetningarbeiðni, dags. 15. september 2017.
4. Afrit reiknings nr. 102268.
5. Afrit reiknings nr. 102269.
6. Afrit reiknings nr. 102310.
7. Tímaskýrslur.
8. Útprentun úr hlutfélagaskrá CreditInfo um stefnda.
9. Útprent úr VOG vanskilaskrá CreditInfo um stefnda.
10. Útprent úr CreditInfo vegna skila ársreikninga.
11. Útprent úr CreditInfo um 50% eignarhlutdeild stefnda í 101 Austurstræti ehf., kt. 691211-1420.
12. Birtingarvottorð.
13. Útprent úr Lögbirtingablaði sem stefna var birt í.

VI. Aðila- og vitnaskýrslur: Að svo stöddu gerir stefnandi ekki ráð fyrir því að leiða fram vitni en áskilur sér allan rétt til þess eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til.

VII. Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Gholamhossein Mohammad Shirazi, kt. 141252-2329, fyrir hönd Alfacom General Trading ehf., kt. 700710-1570, Garðastræti 17, Reykjavík, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjargötu, Austurstræti 19, Reykjavík, þriðjudaginn 13. febrúar 2018, kl. 10 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á

dómkröfur að hlýða og leggja fram varnir af sinni hálfu, ef einhverjar eru. Ef ekki verður sótt þing af hálfu stefnda má búast við því að útvistardómur gangi í málinu í samræmi við gerðar kröfur og eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnufrestur ákveðst 30 dagar.

Reykjavík, 22. desember 2017.

Símon Sigvaldason dómstjóri.

(2018000324

Útgáfud.: 5. janúar 2018

Stefna til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Lánasjóður íslenskra námsmanna, kt. 7101690989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefndi: Unnar Þór Þórunnarson, kt. 2808842519, óstaðsettur í hús.

Fyrirvar: Fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, kt. 290658-7219, Borgartúni 21, Reykjavík.

Dómkröfur: Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 826.480, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 44.993 frá 1. september 2015 til 1. mars 2016, af kr. 172.263 frá þeim degi til 1. september 2016, af kr. 306.091 frá þeim degi til 1. mars 2017, af kr. 436.028 frá þeim degi til 4. ágúst 2017, af kr. 826.480 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frá dregnum innborgunum kr. 25.851 sem hér segir: kr. 8.465 þann 25. september 2015, kr. 7.521 þann 9. október 2015, kr. 7.513 þann 6. nóvember 2015, kr. 2.352 þann 25. apríl 2016. Kröfunr. 546-47929.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi eða að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er til komin vegna námslána stefnda sem hann tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-242080, sem gefið var út þann 2. apríl 2013, upphaflega að fjárhæð kr. 868.366. Skyldi lánið vera verðtryggt miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs. Grunnvísitala skuldabréfsins er 411,5 stig. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% ársvextir, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

Samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins skal endurgreiðsla hefjast tveimur árum eftir námslok, sbr. 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Stjórn stefnanda skilgreinir hvað telja beri námslok samkvæmt lögum nr. 21/1992 og úrskurðar um vafatilfelli.

Samkvæmt grein 7.1. í úthlutunarreglum stefnanda er skuldabréfi lokað þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er almennt miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Á það jafnt við um námsmenn sem ljúka námi og námsmenn sem hverfa frá námi án þess að ljúka því. Námslok hjá stefnda eru skráð

þann 29. júní 2013. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011, skal fjárhæð námslána færð á skuldabréf að námi loknu og veitti stefndi stefnanda heimild skv. samningi til að færa inn á skuldabréfið fjárhæð heildarskuldarinnar, sbr. skilmálar skuldabréfsins sjálfs.

Fyrsti gjalddagi á skuldabréfi nr. G-242080 var þann 30. júní 2015 og var gjalddaginn greiddur. Vanskil urðu á endurgreiðslu skuldabréfsins frá gjalddaga 1. september 2015 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll gjaldfelld samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu þann 7. júlí 2017. Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð kr.
1. september 2015	44.993
1. mars 2016	127.270
1. september 2016	133.828
1. mars 2017	129.937
4. júlí 2017	390.452

Eða alls kr. 826.480, sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Greitt var inn á skuldina kr. 8.465 þann 25. september 2015, kr. 7.521 þann 9. október 2015, kr. 7.513 þann 6. nóvember 2015, kr. 2.352 þann 25. apríl 2016, eða alls samtals kr. 25.851. Dragast innborganirnar frá kröfunni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi og verður tekið tillit til þeirra við uppgjör kröfunnar þannig að innborguninni er fyrst ráðstafað til greiðslu áfallins kostnaðar og vaxta, en að þeim liðum frágengnum til lækunar á höfuðstól.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-242080, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, en stefndi er skráður óstaðsettur í hús samkvæmt Þjóðskrá Íslands og verður upplýsinga því ekki aflað um hvar birta megir stefnu fyrir honum eftir almennum reglum.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísan er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við l.nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefnda að greiða

stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 6. febrúar 2018 kl 10.00 árdegis er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 19. desember 2017.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2018000337

Útgáfud.: 5. janúar 2018

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefnda: Hafdís Hallgrímsdóttir, kt. 100182-3949, óþekkt heimilisfang í Þýskaland.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 347.937, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 347.937 frá 27. febrúar 2015 til greiðsludags. Kröfunúmer 0323-150016.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. 0323-26-30833. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna samnings um yfirdráttarlán á veltureikningi hjá stefnanda þar sem stefndi lofaði að taka að láni og stefnandi lofaði að lána allt að kr. 180.000, sbr. dskj. nr. 6. Samkvæmt skilmálum samningsins skyldi endurgreiða skuldina með einni greiðslu þann 6. maí 2015. Lánið skyldi bera yfirdráttarvexti samkvæmt nánari útlistun í lánssamningnum. Stefndi undirritaði einnig upplýsingablað um evrópsk neytendalán, sbr. dskj. nr. 7.

Þar sem skuldin fór yfir heimild var lánssamningnum sagt upp, sbr. gr. 6.1a. í lánssamningnum, þann 27. febrúar 2015. Nam þá uppsöfnuð skuld kr. 347.937, sem er stefnuþjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi hefur reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Stefnandi krefst dráttarvaxta frá þeim degi sem eftirstöðvar skuldarinnar voru gjaldfelldar, sbr. framangreint, til

greiðsludags og byggir þá kröfu á gr. 2.4 og 6.2 í samningi um yfirdráttarlán og 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefnda sögð búsett í Þýskalandi en ekki er nánar vitað um heimilisfang hennar. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Jafnframt er vísað til laga um neytendalán nr. 33/2013. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Innheimtubréf.
5. Samningur um yfirdráttarlán.
6. Staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán.
7. Staðfesting frá Þjóðskrá um heimilisfang.
8. Staðfesting á árangurslausri heimilisfangaleit frá utanríkisráðuneytinu.
9. Staðfesting innheimtuaðila erlendis um óþekkt heimilisfang.
10. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu við Lækjartorg í dómsal 102, Reykjavík, þann 8. mars 2018, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 20. desember 2017.

F. h. stefnanda,

Karl Óttar Pétursson hrl.

(2018000341

Lögbirtingablað,

33. tölublað 2018.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.